

61. þing Sundsambands Íslands
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
6. og 7. mars 2015

Pingskjal nr: 2015 - 10

61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 6. og 7. mars 2015

samþykkir að breyta mótahaldi á Íslandi, einfalda það og gera það markvissara á eftirfarandi hátt:

- ÍM25 skal allajafna halið 3 vikum fyrir EM25 eða HM25.
- Stjórn SSÍ skal bjóða út til félaga opin 25 metra mót sem sett verða á helgar 3 og 6 vikum fyrir ÍM25.
- Önnur félagsmót, sem skráð eru á atburðadagatal, skulu vera stutt og snörp (td fyrir ákveðna aldursflokka eða vegalengdir)
- Félög eiga að skipuleggja æfinga- og mótahald sitt á fyrri hluta keppnistímabils í samræmi við þetta.
- ÍM50 er meginmót 50 metra tímabilsins gagnvart landsliðsverkefnum.
- RIG, Gullmót KR, Actavismót SH og Landsbankamót ÍRB eru þau 50 metra mót þar sem mögulegt er að ná og staðfesta lágmark og viðmið í landsliðsverkefni samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar hverju sinni.
- Félög skulu skipuleggja æfinga- og mótahald sitt á seinni hluta keppnistímabils í samræmi við það sem fram kemur í staflíðum e og f.
- Önnur félagsmót, sem skráð eru á atburðadagatal og eru til undirbúnings aldursflokkamót SSÍ, skulu vera stutt og snörp (td fyrir ákveðna aldursflokka eða vegalengdir) og mega ekki trufla taktinn í þeirri vinnu sem fram fer á 50 metra mótunum.
- Önnur mót, sem ekki krefjast fullrar mönnunar, ss innanfélagsmót og mót sem eru haldin til að undirbúa yngstu iðkendurna fyrir þátttöku í sundmótum, má skrá á atburðadagatal, en þau skulu þá sérstaklega merkt.

Þá felur sundþing 2015 stjórn SSÍ, í samvinnu við landsliðsnefnd, landsliðsþjálfara og formannafundi SSÍ, að viðhalda mótadagskrá og atburðadagatali SSÍ 2015 – 2017 í samræmi við ofangreint og í samræmi við mótadagskrá NSF, LEN og FINA.

Greinargerð

Mjög margir hafa talið nauðsynlegt að breyta mótahaldi á Íslandi, því mjög mörg opin mót sem haldin eru helgi eftir helgi reyna mjög á dómarahópinn en ekki síður dregur úr líkum á því að foreldrar og aðrir velunnarar hreyfingarinnar hafi getu eða nennu til að horfa á sundkeppni sem getur dregist úr hófi vegna fjölda keppenda. Lengd keppnisdaga reynir einnig á sundfólkið okkar sérstaklega þá sem eldri eru og getur dregið úr mögulegum árangri þess í alþjóðlegum verkefnum.

Á undanförunum árum hafa orðið töluverðar breytingar á mótahaldi LEN og FINA. Til dæmis hefur loksins komist á samstarf milli þessara aðila að hafa EM25 annað hvort ár á oddatöluári og HM25 á hinu árinu. Þetta er í samræmi við þá hefð sem hefur myndast að halda HM50 á oddatölu ári og EM50 hinu árinu. Þá má búast við því að Evrópuleikar sem haldnir verða 4 hvert ár, árið fyrir ÓL, séu komnir til að vera þannig að það mun að sjálfssögðu en það mun að öllum líkindum auka álag á sundfólkið okkar.

Eins og áður hefur komið fram hafa margir haft skoðanir á því hvernig eigi að einfalda mótahaldið á Íslandi til að það samræmdist betur alþjóðlegu mótahaldi. Það hefur ekki tekist fram til þessa og því er sú leið farin að leggja málið fyrir sundþing þannig að stjórn SSÍ hafi skýr viðmið til að vinna eftir.